



10. nóvember 2015

Tilkynning frá ORA

Ora hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, ákveðið að taka úr sölu og innkalla Ora humarsúpu í 420 g umbúðum, öll lotunúmer.

Ástæða innköllunarinnar er að ofnæmisvaldarnir fiskur og sinnep eru ekki merktir á umbúðum. Með öryggi neytenda í forgangi er því ákveðið að innkalla allar loturnar.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: Ora Humarsúpa

Strikamerki: 5690519022003

Umbúðir: Áldósir

Nettóþyngd: 420 g

Lotunúmer: Öll lotunúmer

Best fyrir: Allar dagsetningar

Dreifing: 10-11, Fjarðarkaup, Bónus, Hagkaup, Iceland, Krónan, Nóatún, Kaupf.Skagfirðinga, Kostur, Samkaup, Nettó, Strax og Úrval, Versl.Einars Ólafss., Versl.Hlíðarkaup, Víðir, Þín verslun, Versl.Rangá, Versl.Urð, Versl.Virkið og Versl.Kvosin.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir sinnepi og fiski eru beðnir um að neyta vörunnar ekki en tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki hafa ofnæmi fyrir umræddum ofnæmisvöldum.

Neytendum sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað vörunni í þá verslun þar sem hún var keypt.

ORA biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur skapast.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri ORA í síma 522 2773 eða á netfangið helgab@ora.is.